Borkjarnarannsókn í landi Hlíðarenda á Akureyri 2018

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lísabet Guðmundsdóttir

Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík 2019
FS704-18181

Á forsíðu skýrslunnar má sjá samskeytta mynd af yfirlitskorti af þeim borkjörnum sem teknir voru á svæðinu og ljósmynd af borkjarna A2.16 sem tekinn var við meinta útihúsaþúst EY-295:007

© 2019
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
NETFANG: fsi@fornleif.is
HEIMASÍÐA: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt 5
English summary 5
Inngangur 7
Aðferðarfræði 8
Borkjarnarannsókn 9
Svæði A *9*
Svæði B *12*
Svæði C *13*
Svæði D *14*
Niðurstöður og umræða 16
Heimildaskrá 17
Viðauki 1 – borkjarnaskrá 18

Samantekt

Vorið 2018 fór fram borkjarnarannsókn á deiliskipulagsreit ofan við Akureyri, í landi Hlíðarenda vegna væntanlegrar uppbyggingar frístundabyggðar og þjónustusvæðis. Borað var með kjarnabor í fjögur mismunandi svæði þar sem heimildir voru fyrir um tvo bæjarhóla, útihús og heimatún, og var markmið rannsóknarinnar að kanna hvað leyndist undir sverði á þessum svæðum. Í ljós kom að engin mannvistarlög var að finna á meintum bæjarhólum né í heimatúninu. Annar bæjarhóllin (Uppsalir) hefur eyðilagst þegar honum var rutt út og við malarnám en óvíst er hvort bæjarhóll Tyllings hafi verið innan skipulagsreitsins. Ef hann hefur verið það hefur hann einnig verið eyðilagður. Engin ummerki voru heldur um að heimatún Tyllings hafi verið á sunnanverðu svæðinu en þar fundust aðallega ummerki um mýrarjarðveg. Ummerki voru um rótuð jarðlög, torfleifar og blönduð jarðlög á sunnanverðri útihúsaþústinni. Jarðlögin voru þó mjög rótuð og því víst að litlar sem engar leifar eru eftir af útihúsinu sem þar stóð og hefur því verið rutt út og það jafnað við jörðu.

Efnisorð: Norðurland, Akureyri, Hlíðarendi, fornleifafræði, borkjarnarannsókn

English summary

A coring project was carried out in May 2018 in an area where there is planned development at the farm of Hlíðarendi in northern Iceland, just above Akureyri. This work follows a detailed field survey project which had been carried out at the site previously. Four different sites were cored, as written records suggested that that two farm mounds, an outhouse and a home field were located within the area. The aim of the coring was to investigate whether archaeological remains could be within the area of the proposed development. In three of the four sites the coring revealed no archaeological remains. The Uppsalir farm mound has been destroyed when it was levelled and gravel taken from the area. It is uncertain if the Tyllingur farm mound was located within the development area, if it was, it has also been destroyed. No archaeological evidence was found about the whereabouts of the home field from Tyllingur. The southern part of the area was mostly a marsh area before the middle of 20th century. In site A, disturbed remains where recorded where the outhouse once stood, but it was obvious that no undisturbed remains where left there and the outhouse had been destroyed through levelling.

Keywords: North of Iceland, Akureyri, Hlíðarendi, Archaeology, coring

Inngangur

Veturinn 2018 var Fornleifastofnun Íslands ses fengin til þess að skrá fornleifar á 13,5 ha stórum deiliskipulagsreit í landi Hlíðarenda á Akureyri, í svoköllum Hálöndum, vegna væntanlegrar uppbyggingar frístundabyggðar og þjónustusvæðis. Verkið var unnið fyrir landeigendur en hönnunar- og skipulagsstofan Teikn á lofti/ArcticPortal ehf. hafði milligöngu um verkið. Alls voru skráðar fjórir minjastaðir innan deiliskipulagsreitsins, tvö bæjarstæði, útihúsaþúst og varða.[1]



Mynd 1. Bærinn Hlíðarendi er staðsettur í fjallsrótum Hlíðarfells, ofan við Akureyri. Svæðið gengur undir nafninu Hálönd.

Í bréfi frá Minjastofnun dagsett 18. apríl 2018 kemur fram að þörf sé á nánari athugun á þremur svæðum sem skráð voru, þ.e. á tveimur meintum bæjarhólum, Uppsölum [EY-295:004] og Tyllingi [EY-295:006] og á hugsanlegri útihúsaþúst [EY-295:007]. Þar segir að kanna þurfi hólana með jarðvegsbor til að ganga úr skugga um hvort að þar leynist fornleifar undir sverði.[2]

Svæðin sem um ræðir voru könnuð með jarðvegsbor vorið 2018. Rannsóknin fór fram dagana 5.-6. maí 2018 og að henni unnu Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lísabet Guðmundsdóttir fornleifafræðingar hjá Fornleifastofnun Íslands ses. Borað var þvert yfir hólana þrjá á tveggja metra fresti en þéttar ef komið var niður á mannvistarlög. Borað var í túnin sunnan við hólana til þess að kanna hvort einhverjar mannvistarleifar leyndust þar og ásamt því að athuga hvort mætti finna einhver ummerki um heimatúnið frá eldra bæjarstæðinu, Tyllingi.

[1] Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018
[2] Minjastofnun Íslands

Aðferðarfræði

Í rannsókninni var farið var að mestu eftir þeirri aðferðafræði sem kallað var eftir í bréfi frá Minjastofnun,[3] fyrir utan hól á svæði C þar sem kom í ljós að var aðeins möl og því ekki hægt að bora. Borað var á 2 metra fresti yfir svæði A og B en 10-20 metra fresti yfir svæði C og D. Borað var þéttar og víðar ef merki sáust um mannvistaleifar í borkjörnunum. Teknir voru 2 cm breiðir kjarnar og náði borinn lengst 80 cm niður, 40 cm í einu. Þeir borkjarnar þar sem einhverjar mannvistarleifar fundust



Mynd 2. Yfirlitskort sem sýnir staðsetningu þeirra svæða sem borað var í ásamt staðsetningu borkjarnanna innan þeirra. Hver borkjarni er merktur með línunúmeri ásamt númeri kjarnans í línunni.

[3] Minjastofnun Íslands 2018, bls. 2-4

voru ljósmyndaður og skipting jarðlaga skráð niður en þar sem aðeins sáust náttúruleg jarðlög og lítil breyting var á milli kjarna var skráningin minna ítarleg. Ekki var farið dýpra en niður á forsögulegu H3 gjóskuna sem féll fyrir um 2900 árum. Borkjarnarnir voru teknir eftir nokkurnvegin beinum línum, frá norðri til suðurs eða vestri til austurs og fékk hver kjarni númer miðað við línunúmer og röð hans í línunni (sjá mynd 2).

Borkjarnarannsókn

Markmið borkjarnarannsóknar í landi Hlíðarenda var að kanna þau fjögur svæði þar sem mögulega væru minjar undir sverði. Svæðin sem um ræðir eru útihúsaþúst vestast á skipulagsreitnum; tveir bæjarhólar, Uppsalir [EY-295:004] og Tyllingur [EY-295:006], sem ritaðar heimildir benda til þess að hafi verið norðaustast á svæðinu; og hugsanlegt heimatún Tyllings sunnan við hólana þrjá.

Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður sem komu úr rannsókninni en aftast í skýrslunni má sjá viðauka þar sem hverjum borkjarna er lýst nákvæmlega. Umfjöllun um borkjarnagreiningarnar er skipt upp eftir hverju svæði fyrir sig.

Svæði A

Svæði A er staðsett vestast á skipulagsreitunum og samanstendur af 20x15 metra stórum hól þar sem mögulega hefur staðið útihús EY-295:007. Í aðalskráningarskýrslu frá árinu 1998 stendur: „Baldur [Halldórsson] sagðist hafa heyrt að útihúsatóftir frá Uppsölum [004] hafi verið á túnbala suður og upp af bæjartóftunum en búið var að slétta úr þeim áður en hann flutti á jörðina.“[4] Suðvestan við bæjarhólana tvo, ofar í fjallinu var þúst sem skráð var sem útihús EY-295:007. Boraðar voru þrjár línur í þústina til þess að kanna mannvistarlög á svæðinu.

Lína A1

Í línu A1 var borað á 2 metra fresti frá vestri til austurs og teknir voru alls 13 borkjarnar (sjá mynd 7). Í tíu af þeim 13 kjörnum sem voru teknir voru, komu einungis fram náttúruleg jarðlög, eins og foklög, gjóskulög og möl. Í tveimur kjörnum í línunni, kjörnum A1.1 og A1.6, mátti greina dökkt lífrænt jarðlag rétt undir yfirborðslagi sem gæti bent til túnræktar á svæðinu. Í kjarna A1.5 voru ummerki um

Mynd 3. Jarðlög í kjarna A1.5. Þarna sést blandað torflag með H3 gjósku.

[4] Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, bls. 50

torfblandað jarðlag með H3 gjósku (sjá mynd 3). Jarðlagið er þó ansi hreyft og greinilegt að því hafði verið rótað sem bendir til þess að ef þarna hefur staðið mannvirki, hefur það verið rifið niður eða sléttað.

Lína A2

Í línu A2 var borað á 2 metra fresti frá norðri til suðurs og teknir voru 17 borkjarnar (sjá mynd 7). Sjö kjarnar af þessum 17 voru náttúrulegir. Í fimm kjörnum, A2.2, A2.3, A2.9, A2.10 og A2.11 sáust ummerki um lífrænt jarðlag beint undir yfirborðslagi sem aftur bendir til túnræktar a svæðinu. Í kjarna A2.4 sáust ummerki um lífrænt jarðlag beint undir yfirborði og blandað jarðlag með H3 flekkjum. Í kjarna A2.12 sást rótað og blandað jarðlag á 24 cm dýpi. Í kjarna A2.14 var blandað og rótað jarðlag með H3 gjóskunni. Í kjarna 2.16 sáust mannvistarlög undir yfirborðslagi niður á 50 cm dýpi (sjá mynd 4 og 5). Jarðlögin voru torfblönduð með forsögulega H3 gjóskulaginu. Greinilegt er að jarðlögin þarna eru hreyfið og rótuð og ef þarna stóð mannvirki hefur það verið sléttað eða rifið niður.

Mynd 4. Jarðlög í kjarna A2.16 á 0-40 cm dýpi

Mynd 5. Jarðlög í kjarna A2.16 á 40-80 cm dýpi. Mikið af H3 gjósku sem bendir til þess að um torf sé að ræða.

Lína A3

Í línu A3 var borað á u.þ.b 2 m fresti frá norðri til suðurs og teknir voru átta borkjarnar (sjá mynd 7). Í fjórum kjörnum sáust aðeins náttúruleg jarðlög en í hinum fjórum voru merki um blönduð mannvistarlög eða blönduð torflög. Í kjörnum A3.2 og A3.3 sásust blönduð jarðlög aðallega með forsögulegu H3 gjóskunni og annarri grágrænri gjósku. Í kjarna A3.4A voru ummerki um lífrænt dökkt jarðlag beint undir yfirborðslagi sem bendir til ræktaðs túns á svæðinu (sjá mynd 6). Þar voru einnig

ummerki um blandað torflag með H3 flekkjum. Í kjarna A3.5 sást sömuleiðis torfblandað jarðlag á 35 cm dýpi ofan á svartri óþekktri gjósku sem gæti verið óhreyfð.

Mynd 6. Jarðlög í kjarna A3.4A. Þarna sjást röndótt jarðlög með ljósum gjóskulínum.



Mynd 7. Túlkun jarðlaga í borkjörnum á svæði A. Greinilegt að eitthvað mannvirki hefur staðið við suðurhluta þústarinnar en engin heilleg mannvirki eru þar að finna lengur og hefur það verið sléttað eða rifið niður.

Jarðlögin í borkjörnunum á þessu svæði benda til þess að þarna gæti hafa staðið mannvirki sem hefur verið sléttað eða rifið niður á einhverjum tímapunkti, líkt og Baldur Halldórsson, fyrrum ábuandi, greindi frá. Ekki er nein leit til þess að tímasetja nákvæmlega hvenær mannvirkið stóð né hvenær það var rifið niður. Torfið sem sést á svæðinu er frekar rótað og blandað og gjóskur óreglulega og flekkóttar.

Svæði B

Svæði B náði yfir lágan hól, 30x25 metrar að stærð sem skráður var sem möguleg staðsetning býlisins Uppsala (EY-295:004). Í aðalskráningarskýrslu frá árinu 1998 kemur fram að þáverandi ábúandi Hlíðarenda, Baldur Halldórsson, hafi sléttað út leifar af býlinu og tekið möl úr hólnum við þær og því var talið líklegt að Uppsalir væru endanlega horfnir.[5] Þó var nauðsynlegt að kanna hvor að einhver ummerki væru um býlið undir sverði þá séstaklega á lágum hól sem stóð rétt austan við svæðið þar sem mölin var tekin. Teknir voru borkjarnar í tveimur línum þvert yfir hólinn (sjá mynd 8).



Mynd 8. Túlkun borkjarna á svæði B. Allir kjarnar voru náttúrulegir

[55] Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, bls. 50

Lína B1

Í línu B1 var borað á 2 metra fresti frá vestri til austurs, og teknir 15 borkjarnar (sjá mynd 8). Allir kjarnarnir höfðu að geyma náttúrulega jarðlög. Þarna var nokkur uppsöfnun af jarðlögum og óþekktar sögulegar gjóskur inn á milli. Engin ummerki voru um mannvist á hólnum.

Lína B2

Í línu B2 var borað á 2 metra fresti frá norðri til austurs, og teknir átta borkjarnar. Allir kjarnarnir höfðu að geyma náttúrulega jarðlög. Þarna var nokkur uppsöfnun af jarðlögum og hægt var að sjá óþekktar sögulegar gjóskur inn á milli. Engin ummerki voru um mannvist á hólnum.

Svæði C

Svæði C var nyrst á skipulagssvæðinu þar sem heimildir eru um að eldra bæjarstæði Hlíðarenda, Tyllingur (EY-295:006), hafi staðið (sjá mynd 9). Hóllinn sem kanna átti var 40x20 m að stærð. Þegar þetta svæði var skráð var stór hluti þess undir snjó og ekki sáust neinn augljós ummerki um bæjarstæðið. Skráður var lágur hóll innan svæðisins sem var þó að miklu leyti undir snjó.[6] Þegar komið var aftur á svæðið í maí 2018 sást í rofi að þetta var klárlega malarhóll og því ólíklegt að minjar leyndust þar undir sverði. Því var borað víðar á svæðinu til þess að freista þess að finna einhverjar mannvistarleifar sem gætu gefið vísbendingar um það hvar bæjarhóllin gæti hafa staðið.



Mynd 9.Túlkun borkjarna á svæði C. Öll jarðlög voru náttúruleg

[6] Lilja Laufey Davíðsdóttir, 2018, bls. 18

Lína C1

Í línu C1 voru teknir þrír borkjarnar frá norðri til suðurs, vestast á svæðinu og borða var nokkuð óreglulega. Allir kjarnarnir voru náttúrulegir en í einum, C1.2 sáust ummerki um lífrænt jarðlag sem gæti bent til túnræktunar. Engin ummerki voru um mannvistarlög.

Lína C2

Í línu C2 var borað með u.þ.b 5 metra fresti, frá norðri til suðurs og teknir voru fjórir kjarnar (sjá mynd 9). Allir kjarnarnir voru náttúrulegir og engin ummerki voru um mannvist.

Lína C3

Í línu C3 var borað á 10-15 metra fresti, frá norðri til suðurs og teknir voru sex kjarnar (sjá mynd 9). Allir kjarnarnir voru náttúrulegir og engin ummerki voru um mannvist.

Lína C4

Í línu C4 var borað á 10-15 metra fresti, frá norðri og suðurs og teknir voru fjórir kjarnar (sjá mynd 9). Allir kjarnarnir voru náttúrulegir og enginn ummerki voru um mannvist.

Svæði D

Svæði D var á syðsta hluta deiliskipulagsreitsins, þar eru tún sem nú eru komin í órækt. Svæðið er alls 160x140 m að stærð. Í bréfi frá Minjastofnun dagsett 18. apríl 2018 segir: „Leita þarf að vísbendingum um mörk gamla heimatúnsins og kanna hvort fornleifar leynist undir sverði innan afmarkaðs hættusvæðis.“[7] Til að bregðast við þessu var ákveðið að bora nokkuð skipulega í túnin sunnan við meinta bæjarhóla og útihúsaþúst. Boraðar var í fjórar línur á túninu.

Lína D1

Í línu D1 var borað á 20 metra fresti frá norðri til suðurs og teknir voru fimm borkjarnar. Borkjarnarnir voru allir náttúrulegir og engin ummerki um mannvist sást í þeim. Í syðstu kjörnunum þremur voru aðeins 10-20 cm niður á möl og því lítil jarðvegsuppsöfnun á svæðinu.

Lína D2

Í línu D2 var borað á 10-20 metra fresti frá norðri til suðurs, og teknir sex borkjarnar. Öll jarðlög í borkjörnunum voru náttúruleg, fyrir utan jarðlög í kjarna D2.2 (sjá mynd 10). Þar sáust ummerki um blandað jarðlag á 15 cm dýpi og ummerki um túnrækt undir gjósku sem féll árið 1477. Borað var í

Mynd 10. Jarðlög í kjarna D2.2.

[7] Minjastofnun Íslands, bls. 3

kringum kjarnann til kanna nánar jarðlögin á svæðinu en engin önnur ummerki fundust um mannvistarlög, aðeins náttúruleg jarðlög. Líklega eru þau jarðlög sem sáust í kjarnanum þá einnig náttúruleg. Kjarninn er staðsettur nyrst á túninu nokkuð nálægt útihúsaþústinni.

Lína D3

Í línu D3 var borað á 10-20 metra fresti frá norðri til suðurs og teknir voru alls 11 borkjarnar. Öll jarðlög sem komu fram í borkjarörnunum voru náttúruleg. Í langflestum kjörnunum komu fram ummerki um mýrarjarðveg en engin lífræn jarðlög eins og sást á svæði A.

Lína D4

Í línu D4 var borað á 10-20 metra fresti frá norðri til suðurs og alls voru teknir 12 borkjarnar. Öll jarðlög í kjörnunum voru náttúruleg og hvorki sáust ummerki um mannvistarlög né túnrækt. Nyrst í línunni var möl frekar ofarlega en eftir því sem sunnar dró varð meira um mýrarjarðveg. Svæðið syðst hefur verið nokkuð blautt áður fyrr en þarna hefur líklega ekki verið tún fyrr en á seinni hluta 20. aldar þegar svæðið var ræst fram.



Mynd 11.

Niðurstöður og umræða

Kjarnaborun fór fram á fjórum svæðum í landi Hlíðarenda á Akureyri. Á þremur svæðum, B,C og D, fundust engar mannvistarleifar. Á svæði A fundust hreyfð og torfblönduð jarðlög sunnarlega við útihúsaþúst EY-295:007 og hafa þær að öllum líkindum tilheyrt mannvirki sem hefur staðið við hólinn. Jarðvegurinn eftst á þústinni var mjög þunnur og því mjög stutt niður á möl sem gæti bent til þess að eá einhverjum tímapunkti hafi verið rof á svæðinu. Mó- og mýrarlög var að finna í kringum hólinn og einnig áfokslög og annar náttúrulegur jarðvegur. Lífræn jarðlög sem rekja má til túnræktar benda til þess að túnrækt hafi hafist um svipað leiti og þarna stóð mannvirki, sem líklega hefur verið útihús reist á 19.- 20 öld. Seinna hefur útihúsinu verið rutt út og það eyðilagt í kjölfarið, hugsanlega á svipuðum tíma og býlið Uppsalir var rifið niður og jafnað við jörðu.

Á svæði B fundust engar mannvistarleifar en þar var talið líkur á því að býlið Uppsalir hafi staðið. Í hólnum sem kannaður var sást aðallega náttúrulegur jarðvegur og áfokslög ásamt óhreyfðum gjóskulögum sem líklega hafa verið verið V-1477, H-1300, H3 og H4. Einnig fundust þar ummerki um mýrarjarðlög en mikið er af þeim á þessu svæði. Engin ummerki voru neina mannvist í hólnum og er hann algerlega náttúrulegur.Þar sem enga mannvist var að finna í hólnum var ákveðið að bora lítillega í kringum svæði vestan við hann þar sem sést að hefur verið tekin möl og myndast hefur nokkur dæld, nú algerlega gróin (lína C1). Þar hafði jarðvegi greinilega verið raskað og var hann mjög laus í sér og ormétinn. Því má ætla að býlið Uppsalir sé með öllu horfið og öllum leifum eftir það hafi verið rutt út rétt eins og heimildir benda til um.

Á svæði C fundust sömuleiðis engar mannvistarleifar. Lítið var af jarðvegi á hólnum sem skráður hafði verið sem býlið Tyllingur og aðeins þurfti að stinga bornum niður á nokkrum stöðum til þess að átta sig á því að þetta væri malarhóll. Svæðið í kringum hólinn var einnig kannað með jarðvegsbor en engin merki um mannvist fundust á svæðinu. Öll jarðlög voru annaðhvort náttúruleg eða þá að enginn jarðvegur var eftir og komið var beint niður á möl. Svo virðst sem að malarnám hafi átt sér stað á svæðinu, og því má ætla að ef gamli bæjarhóll Tyllings hafi staðið á þessum stað, þá sé hann nú með öllu horfinn. Þó má vel hugsast að bæjarhólinn hafi staðið norðar eða austar og sé því utan við deiliskipulagsreitinn.

Á svæði D fundust hvorki mannvistarlög né heldur ummerki um að þetta svæði gæti hafa verið gamla heimatún Tyllings. Greinilegt er að þarna hefur aðeins verið mýri áður en að svæðið var ræst fram á seinni hluta 20. aldar og breytt í tún. Eitthvað var um rótaðan náttúrulegan jarðveg sunnarlega á svæðinu og þá helst í tengslum við gamlan lagnaskurð sem gengur þvert yfir suðurhluta túnsins. Nokkuð augljóst er þó að þarna hefur gamla heimatún Tyllings ekki verið og túnið á svæðinu er nýlegt.

Heimildaskrá

Lilja Laufey Davíðsdóttir (2018). *Fornleifaskráning vegna 3. Áfanga deiliskipulags Hálanda, í landi Hlíðarenda við Akureyri.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Minjastofnun Íslands. Bréf dagsett 18.apríl 2018. MÍ201804-0028/8,02/R.L

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1998). *Fornleifaskráning í Eyjafirði X. Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár. FS051-95027.* Akureyri: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.

Viðauki 1 – borkjarnaskrá

Lína	Nr. í línu	Tegund	Heildar -dýpt kjarna (cm)	Dýpt jarðlags (cm)	Lýsing á jarðlagi	Athugasemdir/ túlkun	Uppr. mælinga númer
A1	A1.1	Útihús 007	41	0-5	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	5-22	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag	tún?	B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	22-25	Mýrarjarðvegur - járnríkt		B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	25-27	Ljóst drappað/gráleitt jarðlag - smávegis feitt	mannvistarlag?	B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	27-34	Mýrarjarðlag með járnútfellingum'		B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	34-36	H3 - forsöguleg gjóska		B18
A1	A1.1	Útihús 007	41	36-41	Rauðbrún fokmold		B18
A1	A1.2	Útihús 007	42	0-5	Yfirborðslag		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	5-10	Grábrúnn jarðvegur		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	10-12	Svart gjóskulag - mögulega 1477?		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	12-24	Grábrúnt jarðlag með járnútfellingum		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	24-26	Svört gjóska		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	26-28	H3 - forsöguleg gjóska		B19
A1	A1.2	Útihús 007	42	28-42	Mýrarjarðlag, grátt og appelsínugult		B19
A1	A1.3	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B20
A1	A1.4	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B21
A1	A1.5	Útihús 007	40	0-8	Yfirborðslag		B22
A1	A1.5	Útihús 007	40	8-20	Torfblandað jarðlag með þremur línum H3	Sléttað mannvirki?	B22
A1	A1.5	Útihús 007	40	20-22	H3 - forsöguleg gjóska		B22
A1	A1.5	Útihús 007	40	22-23	Rauðbrúnt jarðlag		B22
A1	A1.5	Útihús 007	40	23-24	H4 - forsöguleg gjóska		B22
A1	A1.5	Útihús 007	40	24-30	Rauðbrúnt jarðlag		B22
A1	A1.6	Útihús 007	40	0-4	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B23
A1	A1.6	Útihús 007	40	4-10	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag	tún?	B23
A1	A1.6	Útihús 007	40	10-22	Rauðbrún fokmold		B23
A1	A1.6	Útihús 007	40	22-40	Möl		B23
A1	A1.7	Útihús 007	20	0-4	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B24
A1	A1.7	Útihús 007	20	4-20	Möl		B24

A1	A1.8	Útihús 007	20	0-20	Möl	Náttúrulegur kjarni	B25
A1	A1.9	Útihús 007	20	0-20	Möl	Náttúrulegur kjarni	B26
A1	A1.10	Útihús 007	20	0-20	Möl	Náttúrulegur kjarni	B27
A1	A1.11	Útihús 007	20	0-20	Möl	Náttúrulegur kjarni	B28
A1	A1.12	Útihús 007	23	0-5	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B29
A1	A1.12	Útihús 007	23	5-23	Rauðbrún fokmold		B29
A1	A1.13	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B30
A2	A2.1	Útihús 007	26	0-5	Yfirborðslag	Náttúrulegu kjarni	B17
A2	A2.1	Útihús 007	26	5-21	Rauðbrún fokmold		B17
A2	A2.1	Útihús 007	26	21-23	H3 - forsöguleg gjóska		B17
A2	A2.1	Útihús 007	26	23-26	Rauðbrún fokmold		B17
A2	A2.2	Útihús 007	36	0-5	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B16
A2	A2.2	Útihús 007	36	5-14	Dökkt lífrænt jarðlag	tún?	B16
A2	A2.2	Útihús 007	36	14-28	Gulbrúnt jarðlag með dökkbrúnum flekkjum	Náttúrulegt - sléttun?	B16
A2	A2.2	Útihús 007	36	28-30	H3 - forsöguleg gjóska		B16
A2	A2.2	Útihús 007	36	30-35	Rauðbrún fokmold		B16
A2	A2.2	Útihús 007	36	35-36	H4 - forsöguleg gjóska		B16
A2	A2.3	Útihús 007	38	0-7	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B15
A2	A2.3	Útihús 007	38	7-19	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag	tún?	B15
A2	A2.3	Útihús 007	38	19-31	rauðbrúnt jarðlag - fokmold		B15
A2	A2.3	Útihús 007	38	31-31,5	H3 - forsöguleg gjóska		B15
A2	A2.3	Útihús 007	38	31.5-36	rauðbrún fokmold		
A2	A2.3	Útihús 007	38	36-38	H4 - forsöguleg gjóska		B15
A2	A2.4	Útihús 007	60	0-5	Yfirborðslag		B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	5-15	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag með ljósum flekkjum (H3)	tún?	B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	15-33	Blandað jarðlag með H3 flekkjum og línum - Torfbland?	Sléttað mannvirki?	B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	33-50	Gulbrúnt jarðlag		B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	50-53	H3 - forsöguleg gjóska		B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	53-56	Rauðbrún fokmold		B14
A2	A2.4	Útihús 007	60	56-60	H4 - forsöguleg gjóska		B14
A2	A2.5	Útihús 007	20	0-10	Yfirborðslag		B13
A2	A2.5	Útihús 007	20	10-20	Möl		B13
A2	A2.6	Útihús 007	10	0-10	Möl	Nánast enginn jarðvegur	B12

A2	A2.7	Útihús 007	10	0-10	Möl	Nánast enginn jarðvegur	B11
A2	A2.8	Útihús 007	10	0-10	Möl	Nánast enginn jarðvegur	B10
A2	A2.9	Útihús 007	26	0-6	Yfirborðslag	Kjarnabor lenti á grjóti í jarðvegi og komst ekki lengra niður	B9
A2	A2.9	Útihús 007	26	6-12	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag	tún?	B9
A2	A2.9	Útihús 007	26	12-18	Rauðbrún fokmold		B9
A2	A2.9	Útihús 007	26	18-19	Gjóskulag? - svart með gulu undir		B9
A2	A2.9	Útihús 007	26	19-26	Rauðbrúnt jarðlag		B9
A2	A2.10	Útihús 007	40	0-10	Yfirborðslag		B8
A2	A2.10	Útihús 007	40	10-18	Dökkt lífrænt jarðlag með gulum flekkjum (H3)	Túnsléttun	B8
A2	A2.10	Útihús 007	40	18-25	Rauðbrún fokmold með gulum H3 flekkjum		B8
A2	A2.10	Útihús 007	40	25-30	Lagskipt mýrarlegt jarðlag - rauðbrúnt, gult og appelsínugult		B8
A2	A2.10	Útihús 007	40	30-32	Dökk grænleit gjóska		B8
A2	A2.10	Útihús 007	40	32-40	Mýrarjarðvegur		B8
A2	A2.11	Útihús 007	40	0-6	Yfirborðslag		B7
A2	A2.11	Útihús 007	40	6-17	Dökkt lífrænt jarðlag með gulum flekkjum (H3)	Túnsléttun	B7
A2	A2.11	Útihús 007	40	17-25	Rauðbrún fokmold - laus í sér		B7
A2	A2.11	Útihús 007	40	25-32	Grábrúnn silt jarðvegur með gulum flekkjum efst		B7
A2	A2.11	Útihús 007	40	32-34	H3 - forsöguleg gjóska		B7
A2	A2.11	Útihús 007	40	34-40	Mýrarjarðlag?		B7
A2	A2.12	Útihús 007	40	0-10	Yfirborðslag		B5
A2	A2.12	Útihús 007	40	10-24	Brúnn jarðvegur		B5
A2	A2.12	Útihús 007	40	24-36	Grábrúnt, ljóst flekkótt jarðlag - blandað	Sléttuð mannvist?	B5
A2	A2.12	Útihús 007	40	36-40	Gulleitt jarðlagmeð svartri gjósku neðst - hugsanlega H4		B5
A2	A2.13	Útihús 007	30	0-10	Yfirborðslag	Jarðvegurinn þjappaðist mjög mikið saman og því var erfitt að átta sig á þykkt jarðvegsins. Komst ekki dýpra en 30 cm…	B4

A2	A2.13	Útihús 007	30	10-30	Járnríkt jarðlag - mýrartengt jarðlag		B4
A2	A2.13A	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Í kjarnarnum sjást mýrarjarðlög	B35
A2	A2.14	Útihús 007	40	0-3	Ljós hvítgult jarðlag, virðist líkjast H3 - jarðvegur er rótaður	Sléttuð mannvistarlög	B3
A2	A2.14	Útihús 007	40	3-14	Rauðbrúnt jarðlag		B3
A2	A2.14	Útihús 007	40	14-20	Drappað gult jarðlag, lítur út eins og H4		B3
A2	A2.14	Útihús 007	40	20-36	Járnríkt rauðbrúnt jarðlag, flekkótt með járnútfellingum		B3
A2	A2.14	Útihús 007	40	36-40	Drapplitað feitt jarðlagi - mýrartengt		B3
A3	A2.15	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B34
A2	A2.16	Útihús 007	81	0-10	Yfirborðslag		B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	10-29	Torf með 2 röndum af grárri gjósku og einni þunnri svartri línu	Líklega eru öll þessi jarðlög eitthvað rótuð og blönduð, vegna túnsléttunar	B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	29-31	Ljóst jarðlag, hugsanlega H3	Líklega eru öll þessi jarðlög eitthvað rótuð og blönduð, vegna túnsléttunar	B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	31-47	Rótað torf - gráleitt og rauðbrún	Líklega eru öll þessi jarðlög eitthvað rótuð og blönduð, vegna túnsléttunar	B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	47-51	Ljóst jarðlag, hugsanlega H3	Líklega eru öll þessi jarðlög eitthvað rótuð og blönduð, vegna túnsléttunar	B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	51-53	Dökkt lífrænt jarðlag	Tún?	B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	53-57	Ljóst jarðlag með hvítum skellum		B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	57-73	Rauðbrúnt mýrarjarðlag		B2
A2	A2.16	Útihús 007	81	73-81	Brún gráleitt leirríkt jarðlag		B2
A3	A3.1	Útihús 007	40	0-40	Mór og mýrarlög	Náttúrulegur kjarni	B37
A3	A3.2	Útihús 007	40	0-40	Blönduð jarðlög	Blönduð jarðlög með H3 flekkjum - sléttun/niðurrif útihúss?	B36
A3	A3.3	Útihús 007	20	0-8	Einhverskonar mannvist - svart, brúnt og gulgrátt	Borkjarni tekinn í rofi - ekkert yfirborðslag	B6
A3	A3.3	Útihús 007	20	8-13	Grágrænleit gjóska		B6
A3	A3.3	Útihús 007	20	13-20	Einnig einhverskonar mannvist sem er lagskipt	Mannvistarlög sem virðast þó vera rótuð vegna túnsléttunuar	B6
A3	A3.4	Útihús 007	40	0-40	Mýrarjarðlög	Náttúrulegur kjarni	B39

A3	A3.4A	Útihús 007	24	0-4	Yfirborðslag		B33
A3	A3.4A	Útihús 007	24	4-8	Dökkbrúnt lífrænt jarðlag	tún?	B33
A3	A3.4A	Útihús 007	24	8-11	Grábrúnt jarðlag		B33
A3	A3.4A	Útihús 007	24	11-19	Blandað torflag með H3 flekkjum	Sléttað mannvirki?	B33
A3	A3.4A	Útihús 007	24	19-24	Rauðbrún fokmold		B33
A3	A3.5	Útihús 007	52	0-10	Yfirborðslag		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	10-24	Brún fokmold		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	24-32	Ljósbrúnn silt jarðvegur		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	32-35	Rauðbrúnn jarðvegur		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	35-41	Torfblandað jarðlag	Sléttað mannvirki?	B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	41-42	svört gjóska		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	42-46	H3		B1
A3	A3.5	Útihús 007	52	46-53	Ljósbrúnt og rauðleitt jarðlag		B1
A3	A3.6	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Náttúrulegur kjarni	B38
A3	A3.7	Útihús 007	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B32
B1	B1.1	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C1
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	0-10	Yfirborðslag	Líklega náttúrulegur kjarni - ekkert um mannvistarlög nálægt honum	C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	10-15	Brún fokmold		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	15-16	Grá gjóska		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	16-21	Rauðbrún		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	21-22	gjóska		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	22-24	Rauðbrún		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	24-25	gjóska		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	25-29	Rauðbrún		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	29-32	H3		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	32-42	Rauðbrúnt jarðlag með járnútfellingum		C2
B1	B1.2	Uppsalir 004	65	42-65	Mýrarjarðlög		C2
B1	B1.3	Uppsalir 004	30	0-5	Yfirborðslag		C3
B1	B1.3	Uppsalir 004	30	5-20	Brún fokmold		C3
B1	B1.3	Uppsalir 004	30	20-30	Mýrarjarðvegur		C3
B1	B1.3A	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C23
B1	B1.4	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C4
B1	B1.5	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C5
B1	B1.6	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C6
B1	B1.7	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C7
B1	B1.8	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C8

B1	B1.9	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C9
B1	B1.10	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C10
B1	B1.11	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C11
B1	B1.12	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C12
B1	B1.13	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C13
B1	B1.14	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C14
B2	B2.1	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C15
B2	B2.2	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C16
B2	B2.3	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C17
B2	B2.4	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C18
B2	B2.5	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C19
B2	B2.6	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C20
B2	B2.7	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C21
B2	B2.8	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C22
C1	C1.1	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C25
C1	C1.2	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Rótuð náttúruleg jarðlög	C24
C1	C1.3	Uppsalir 004	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		C26
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	0-7	Yfirborðslag		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	7-14	Dökkt lífrænt jarðlag	Tún?	R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	14-18	Rauðbrún fokmold		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	18-21	Dökkt gjóskulag		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	21-24	Rauðbrún fokmold		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	24-33	Mýrarjarðlag		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	33-35	H3 - forsöguleg gjóska		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	35-42	Rauðbrún fokmold		R1
C2	C2.1	Tyllingur 006	50	42-50	Möl		R1
C2	C2.2	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R2
C2	C2.3	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R3
C2	C2.4	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R4
C3	C3.1	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Brúnt jarðlagmeð smávegis möl og H3 neðst	R5
C3	C3.2	Tyllingur 006	10	0-10	Náttúrulegur kjarni	stoppaði á möl	R14
C3	C3.3	Tyllingur 006	10	0-10	Náttúrulegur kjarni	stoppaði á möl	R13

C3	C3.4	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Smávegis jarðvegur og svo möl	R10
C3	C3.5	Tyllingur 006	10	0-10	Náttúrulegur kjarni	Möl	R12
C3	C3.6	Tyllingur 006	10	0-10	Náttúrulegur kjarni	Möl	R11
C4	C4.1	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R6
C4	C4.2	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R7
C4	C4.3	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R8
C4	C4.4	Tyllingur 006	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		R9
D1	D1.1	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		B31
D1	D1.2	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðlög	Náttúrulegur kjarni	B40
D1	D1.3	Heimatúnið	20	0-6	Yfirborðslag		B41
D1	D1.3	Heimatúnið	20	6-20	Möl		B41
D1	D1.4	Heimatúnið	11	0-10	Yfirborðslag	Náttúrulegur kjarni	B42
D1	D1.4	Heimatúnið	11	10-11	Möl		B42
D1	D1.5	Heimatúnið	10	0-10	Rauði og möl	Náttúrulegur kjarni	B43
D2	D2.1	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Röndótt mýrarlög neðst	H26
D2	D2.2	Heimatúnið	40	0-7	Yfirborðslag		H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	7-15	Brún fokmold		H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	15-20	Blandað jarðlag , smávegis röndótt		H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	20-22	1477 gjóskan		H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	22-25	Dökkt og fjólublátt lífrænt jarðlag	tún?	H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	25-30	Röndótt jarðlag - líklega mýrarjarðvegur en ekki torf		H24
D2	D2.2	Heimatúnið	40	30-40	Leirrík mýrarlög		H24
D2	D2.3	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Röndótt mýrarlög neðst	H27
D2	D2.4	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Röndótt mýrarlög neðst	H28
D2	D2.5	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		H29
D2	D2.6	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Röndótt mýrarlög neðst	H30
D3	D3.1	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H1
D3	D3.2	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H2
D3	D3.3	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H3
D3	D3.4	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H4
D3	D3.5	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur	H3 blandað í jarðveginn - líklega frostlyfting	H5
D3	D3.6	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H13
D3	D3.7	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		H14
D3	D3.8	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni		H15

D3	D3.9	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H16
D3	D3.10	Heimatúnið	20	0-10	Yfirborðslag	Raskað svæði - engin mannvist	H17
D3	D3.10	Heimatúnið	20	10-20	Möl		H17
D3	D3.11	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur og H3 neðst		H18
D4	D4.1	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Efst eru öðruvísi litir er annarsstaðar: Jarðlögin hreyfð og flekkir af H3 - frostlyfting eða sléttun?	H12
D4	D4.2	Heimatúnið	20	0-20	Möl		H11
D4	D4.3	Heimatúnið	10	0-10	Möl		H10
D4	D4.3A	Heimatúnið	10	0-10	Möl		H9
D4	D4.4	Heimatúnið	10	0-10	Möl	Borinn komst ekki niður	H7
D4	D4.4A	Heimatúnið	10	0-10	Möl	Borinn komst stutt niður	H8
D4	D4.5	Heimatúnið	20	0-20	Mýrarjarðvegur og möl		H6
D4	D4.6	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H23
D4	D4.7	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur kjarni	Sendin jarðlög í miðju kjarnans - líklega rask eða áfok	H22
D4	D4.8	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur mýrarjarðvegur	Mögulega raskað svæði - engin mannvist	H21
D4	D4.9	Heimatúnið	40	0-40	Náttúrulegur mýrarjarðvegur		H20
D4	D4.10	Heimatúnið	40	0-40	Mýrarjarðvegur		H19